

Rangárþing eystra
Austurvegur 4
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 9. ágúst 2024
Málsnúmer: 202406-0045
BK

Efni: Breyting á aðalskipulagi vegna nýrrar frístundabyggðar og stækkunar verslunar- og þjónustusvæðis í landi Brúar

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 21. júní 2024, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði í landi Brúar.

Með aðalskipulagsbreytingunni verður skilgreint nýtt frístundasvæði með allt að 40 lóðum á 46 ha svæði auk þess sem verslunar- og þjónustusvæði (VP13) stækkar úr 3 ha í 42,7 ha þar sem heimilt verður að byggja hótél fyrir allt að 85 gesti ásamt starfsmannahúsnæði en fyrir á svæðinu eru 12 smáhýsi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um [skipulagslýsingu](#) sömu áforma þann 1. nóvember 2023. Þar kom m.a. fram að gera megi ráð fyrir miklu fuglalífi á svæðinu og að skipulagið fæli í sér umtalsvert tap og uppbrot á búsvæðum fugla. Var það mat Náttúrufræðistofnunar að endurskoða ætti umfang skipulagsins með það að markmiði að hlífa óröskuðum svæðum.

Samkvæmt tillögunni nú hefur stærð fyrirhugaðs frístundasvæðis minnkað um helming og er það jákvætt. Skipulagssvæðið er þó enn stórt auk þess sem horfa þarf til samlegðaráhrifa við aðrar framkvæmdir en Náttúrufræðistofnun hefur undanfarið fengið til umsagnar fyrirhugaða uppbyggingu á frístundabyggðum og ferðaþjónustu á samtals fimm svæðum innan u.þ.b. 20 km² svæðis vestan Markarfljóts (sjá kort), meðal annars innan eða í grennd við svæði á C-hluta náttúru-minjaskrár, þ.e. *Tjarnir og Tjarnarnes* (nr. 719).

Auk beins búsvæðataps sem t.d. frístundabyggðir hafa í för með sér, þá hafa rannsóknir sýnt fram á að þær hafa einnig neikvæð áhrif á þéttleika vaðfugla á aðliggjandi svæðum.¹

Til að draga úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Brú, vill stofnunin hvetja til þess að uppbygging fari fram í grennd við fyrirbyggjandi mannvirki og að leitast verði við að hlífa sem mestu af samfelldu, óröskuðu landi við framkvæmdum.

¹ Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. *Animal Conservation*. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>





Náttúrufræðistofnun vill að lokum benda á að árleg vöktun á vaðfuglum sýnir marktæka fækkun nokkurra tegunda á Suðurlandi.¹ Mikilvægt er því að vernda sem stærst, samfelld búsvæði vaðfugla fyrir mannvirkjagerð og skógrækt og reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu á flóðsléttu Markarfljóts.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

¹ Lilja Jóhannesdóttir, Aldís Erna Pálsdóttir, Jennifer A. Gill, José A. Alves, Böðvar Þórisson og Tómas Grétar Gunnarsson 2023. Mói – vefur um líffræði og vernd mófugla á Íslandi. moi.hi.is

